

Alþingi
Erindi nr. P 128/1275
komudagur 24. 2. 2003

Samtökin '78

Félag lesbía og homma á Íslandi

Laugavegi 3, 121 Reykjavík
Sími 552 7878 – skrifstofa@samtokin78.is

Reykjavík 14. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Til allsherjarnefndar Alþingis
Pskj. 132 – 132. mál. 128. löggjafarþing 2002–2003.**

Umsögn um þingsályktunartillögu um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks

Samtökin '78 fagna framkominni þingsályktunartillögu um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks og lýsa yfir eindregnum stuðningi við hana. Forysta félagsins telur að með tillögunni, eins og hún er útskýrð í greinargerð, sé tekið réttilega á þeim þáttum í málefnum samkynhneigðra sem brýnast er að skoða og gera tillögur um til úrbóta á næstu misserum.


Lengi hafa samkynhneigðir gert sér ljóst það misrétti sem felst í réttarstöðu sambúðarfólks á Íslandi eftir því hvort um óvígða sambúð gagnkynhneigðra er að ræða eða óstaðfesta samvist samkynhneigðra. Í mörgum ákvæðum laga ríkir og óvissa um það að hve miklu leyti unnt sé að leggja að jöfnu sambúð gagnkynhneigðra og samkynhneigðra og þeirri óvissu þarf að eyða. Með úttekt og væntanlegum tillögum stjórnskipaðrar nefndar til úrbóta má vænta réttarbóta sem boða nýjung á Norðurlöndum.

Í mannréttindabaráttu samkynhneigðra á síðasta áratug bar hæst réttinn til fjölskyldustofnunar og fjölskylduverndar og þeirri baráttu svaraði Alþingi með lögum um staðfesta samvist árið 1996 og breytingum á þeim lögum árið 2000 sem heimiluðu stjúptætleiðingar barna para í staðfestri samvist. Lög þessi gjörbreyttu lífi lesbía og homma hér á landi, ekki aðeins lífi þeirra sem nýttu sér ákvæði laganna og staðfestu samvist sína eða ættleiddu börn maka sinna stjúptætleiðingu, heldur fólu hinar nýju lagasetningar í sér mikilsverða viðurkenningu á lífsstíl og fjölskyldulífi lesbía og homma og breyttu viðhorfi alls samfélagsins til þeirra á jákvæðan hátt. Enn eru agnár á núverandi samvistarlögum með því að þörum í staðfestri samvist er ekki heimilt að ættleiða börn þeim óskyld og tæknifrjövgun á opinberum sjúkrahöfnum stendur konum í staðfestri samvist ekki til boða. Með þessum takmörkunum staðfesti löggjafinn á sínum tíma þá bábilju að samkynhneigðir séu lakari uppallendur en aðrir þó svo að hvergi finnist stafur fyrir slíku í þeim ótal mörgu erlendu rannsóknum sem kannað hafa hag barna í fjölskyldum lesbía og homma. Þær breytingar sem hafa átt sér stað á löggjöf þjóðríkja á borð við Svíþjóð og Holland á síðustu misserum undirstrika nauðsyn þess að kanna hvert stefnir í löggjafarmálum Vesturlanda og færa

síðan íslenska löggjöf nær nútímaviðhorfum í þeim efnum. Þær umfangsmiklu rannsóknir sem liggja að baki nýrri löggjöf Svía um ættleiðingar samkynhneigðra eru til dæmis gott dæmi um vinnubrögð löggjafans eins og þau gerast best.

Stjórn Samtakanna '78 gerir engar athugasemdir sem varða breytingar á efni eða orðalagi framkominnar þingsályktunartillögu en leggur áherslu á mikilvægi þess að hún hljóti skjóta og farsæla afgreiðslu á yfirstandandi löggjafarþingi svo að nefnd sú sem hér um ræðir megi hefja störf strax eftir samþykkt tillögunnar á Alþingi og ljúka verki sínu á þeim tíma sem kveðið er á um. Jafnframt fagnar stjórn félagsins því að tillagan skuli gera ráð fyrir þátttöku fulltrúa frá hagsmunasamtökum samkynhneigðra í væntanlegri nefnd og lýsir félagið reiðubúið til samstarfs á þeim vettvangi

F.h. stjórnar Samtakanna '78
félags lesbía og homma á Íslandi


Þorvaldur Kristinsson
formaður